

Í Kátakoti er:

- Frjáls leikur
- Föndur
- Heimanám í samráði við umsjónarke.
- Heimilislegt andrúmsloft
- Hvíld
- Síðdegishressing
- Spil
- Sveigjanleg þjónusta
- Tómstundir
- Útivera



Kátakot

er til húsa bak við Hafnarskóla.
Auðveldasta aðkoman að húsinu er frá
Bogaslóðinni.

Starfsmenn Kátakots eru **Heiður
Sigurðardóttir, Katrín Lilja
Haraldsdóttir, Elín Magnúsdóttir og
Dragoljub Nikoletic.**

Beinn sími í Kátakot er
470 8448 / 866 2607 (Heiður)

**Mjög mikilvægt er að foreldrar láti
vita ef breyting verður á viðveru barna
í Kátakoti frá degi til dags.**

Nánari upplýsingar og skráning í
Grunnskólanum í síma 470 8400 eða 470
8448. Umsóknareyðublöð má finna á
heimasíðu skólans á slóðinni:

[http://gs.hornafjordur.is/media/vor-2017/
lengd_vidv_umsokn--1-.pdf](http://gs.hornafjordur.is/media/vor-2017/lengd_vidv_umsokn--1-.pdf)

Kátakot



*Heilsdagsvistun í
fyrir nemendur
í 1.- 4. bekk.*

*Opnunartími
13:10 - 16:00
alla virka daga á
starfstíma skóla.*



Dagur í Kátakoti

Í Kátakoti er ýmislegt gert sér til skemmtunar. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að öllum líði vel og að viðmótið sé afslappað og heimilislegt.

Eftir langan og oft strangan vinnudag er mikilvægt að börnin fái leiktíma þar sem þau skipuleggja tíma sinn að mestu sjálf í gegnum val á verkefnum en starfsmenn sjá um að hafa alltaf spennandi valkosti í boði. Í lengdu viðverunni er möguleiki fyrir börnin að sinna heimanámi en það er þó frjálst og fer m.a. eftir óskum foreldra.

Lengda viðveran hefur aðstöðu í báðum lausu húsunum á bak við Hafnarskóla, þar er aðstaða til inni-leikja og til að matast.



Börnunum gefst alltaf kostur á útiveru og er aðstaða til útileikja góð. Við skólann er aparóla, kastali og fleiri leiktæki ásamt svæðum þar sem hægt er að fara í allskonar boltaleiki.



Inni við er vinsælt að leika í margvíslegum leikjum s.s. hlutverkaleikjum, bíla-, bú- og heimilisleikjum. Einnig er gott að skipta yfir í rólegri leiki svo sem að lita og föndra, lesa, spila og púsla eða bara slappa af á dýnum og í púðunum.

Starfsmenn munu reglulega standa fyrir spennandi uppákomum s.s. heimsóknum á áhugaverða staði, gönguferðum, útileikjum, hinum sívinsælu útínestistímum o.fl.

Á meðan börnin eru í Kátakoti geta þau sótt tíma í íþróttahúsi, sundlaug og tónskóla en fara þá ein á milli húsa.

Gjaldskrá

Verð til 31. júlí 2018

1 dagur í viku	kr. 2.129
2 dagar í viku	kr. 4.155
3 dagar í viku	kr. 6.082
4 dagar í viku	kr. 7.906
5 dagar í viku	kr. 9.628

Verðið miðast við fjölda daga í hverjum mánuði, það er bundið vísitölu og er uppreiknað 1. ágúst ár hvert.

Síðdegishressing **115 kr. á dag** er ekki innifalinn í gjaldskrá.

Systkinaafsláttur fyrir annað barn er 50% og 100% afsláttur fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir milli skólastiga þannig að foreldrar sem eiga börn á leikskóla fá afslátt í Kátakoti.

